

Stjórnarfundur JA á Ísl – 1. nóvember 2023

Mættir: Ágúst, Aníta, Ástrós, Sólveig, Júlía.

- Fjármál
 - Búið að senda út rukkanir fyrir félagsgjöldum. Ef heimtur verða bærilegar koma inn rúm 600 þúsund. Nokkrar skráningar úr félaginu hafa reyndar borist eins og búast mátti við, 8 búnir að skrá sig út.
 - 164 bækur seldar á árinu (114 PDC og 50 ECE)
 - Fjárhagsstaðan eins og er rúm 700 þús á reikningi.
 - Styrktaraðild fyrir skóla? Þæling fyrir framtíðina. Þarf að leggja fyrir aðalfund. Einnig umræður um viðurkenningar/ vottanir fyrir skóla sem innleiða JA, spjöld eða fánar – rætt betur síðar.
- Breytingar á gjaldtöku fyrir námskeið.
 - PDA hefur ákveðið að hækka námskeiðsgjöld og breyta gjaldtöku. Námskeiðsgjöld hækkuð í 449/499 usd (62-69 þúsund miðað við núverandi gengi) og innheimt 10% af gjaldi pr. þátttakanda í stað 35 usd.
 - Tillaga um að gjald hérlendis verði 65 þúsund frá áramótum. Samþykkt.
- Námskeiðahald
 - Tvö leikskólanámskeið búnin í haust. Ágæt aðsókn á þau, 15 á hvoru námskeiði.
 - Þurfti að fella niður grunnskólanámskeið í Reykjavík – aðeins 6 þátttakendur skráðir. ÁFJ setur námskeið á dagskrá í janúar.
 - Grunnskólanámskeið á Akureyri í síðustu viku. 11 þátttakendur.
 - Foreldrafræðslunámskeið komið á dagskrá í nóvember til desember.
 - Námskeið eða hittingur fyrir stýrihópa í skólum.. spurning um staðbundna „hittinga“ Meltum aðeins lengur, stefnum að þessu eftir áramótin.
- Verkfæraspjöld þýðing og útgáfa
 - Leyfi og samningur fyrir þýðingu verkfæraspjalda liggur fyrir. Útgefendur úti taka 10% af söluverði. Í USA eru spjöldin seld á 12,99 USD (um 1.800 kr.)
 - Þýðing. Stekkjaskóli ekki alveg til en Ástrós til í að hjálpa til. ÁFJ, AJ, ÁRS vinna áfram.
 - Prentun. Héraðsprent búið að gefa tölu en vantar nánari upplýsingar.
- Uppfærsla heimasíðu og þess háttar
 - Búið að gera:
 - Myndbandasvæði skipt upp í tvennt – almennt og bekkjarfundir. Tvö ný myndbönd komin inn (Upptaka frá fræðslufundi um innleiðingu JA í grunnskólum og upptaka frá fræðslufundi um Lausnahringinn)
 - Komnar inn nokkrar myndir af lausnastöðum, griðastöðum o.fl.
 - Verkfæri vikunnar – ÁFJ byrjaður að setja inn – sex verkfæri komin
 - ÁFJ tók saman lista yfir alla sem hafa setið 2ja daga námskeið hér á landi – komið í sér flipa á félagalistanum.
 - Komin inn dæmi um kennsluáætlanir frá Fellaskóla. Eftir að setja inn dæmi frá leikskóla (Naustatjörn), ath. með áætlanir frá Naustaskóla (Aníta skoðar) og Grænuvöllum (Ágúst hnippir í Helgu).

- Annað smálegt komið inn á síðuna (taflan um misheppnuð markmið, dæmi um veggspjöld o.fl.)
 - Ógert:
 - Skýringarmyndband um bekkjarsáttmála í grunnskóla – Aníta er með málið.
 - Skýringarmyndband um venjur og rútínur í leikskóla – Sólrún er með málið.
 - Myndband um barnafundi í leikskóla – Sólveig er með málið.
 - Myndband af bekkjarfundi í grunnskóla – var pæling hvort Borgarhólsskóli gæti tekið það að sér, ÁFJ athugar hvar það stendur.
 - Störf / hlutverk í grunnskólum og leikskólum – safna myndum – ath Grænuvellir (Júlía og Sólveig).
 - Tenglar á annað efni sem getur nýst – geymum.
- Skipulag fræðslu- og umræðufunda
 - 13. nóv – Störf í skólanum / Lausnastaðir / Lausnaleiðir – erindi og umræður. Sólveig með innlegg um leikskóla – Inga Huld Glerárskóla eða hugsanlega Ólöf Kristín Stekkjaskóla með grunnskóla.
 - 11. desember – Heilinn í hendinni / Griðastaðir. ÁFJ og AJ sjá um.
 - 8. janúar – Taflan um misheppnuð markmið

Næsti fundur 22. nóvember kl. 17:30 Ágúst ritaði fundargerð